

## Námsáætlun í Íslandi (samfélagi) ÍSI2A130SAM

Bekkir: 1A, 1B, 1C, 1D og 1I

Kennarar: Anna Sigríður Davíðsdóttir, Arnar Már Arngrímsson, Guðjón H. Hauksson, Heimir Björnsson, Jónína Helga Þórólfsdóttir og Valdimar Gunnarsson,

Ísland (samfélag) er áfangi á fyrsta ári. Honum er ætlað að auka áhuga, þekkingu og skilning nemenda á íslensku samfélagi, sögu þess og tungu. Í Íslandsáfanganum er höfuðáhersla lögð á að nemendur tileinki sér vönduð vinnubrögð við fjölbreytta verkefnavinnu. Verkefnin snúa fyrst og fremst að félagsfræði, íslensku og sögu, auk þess sem upplýsingatækni er samofin verkefnavinnunni. Nemendur þjálfast í að vinna með öðrum, þurfa að sýna frumkvæði og læra að bera ábyrgð á eigin námi. Sérstök áhersla er lögð á lestur og að nemendur þjálfist í að beita móðurmálinu, bæði í ræðu og riti. Áfanginn byggist að miklu leyti á verkefnavinnu í kennslustundum undir leiðsögn kennara. Námið fer fram utan skólans sem innan og sækja nemendur sér fróðleik og gögn á fjölbreytta vegu, m.a. í vettvangsferðum.

### Markmiðin með áfanganum eru þessi:

#### Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- helstu grunnhugtökum félagsfræðinnar, s.s. gildum, viðmiðum, félagslegu taumhaldi og félagsmótun
- sögu Menntaskólans á Akureyri og skólasögu Íslands í grófum dráttum
- byggðaþróun og atvinnulífi í eigin heimabyggð
- hvernig hægt er að hafa áhrif á eigið samfélag
- ýmsum sögulegum og félagsfræðilegum viðfangsefnum sem eru að einhverju leyti mismunandi frá ári til árs

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- koma fram fyrir aðra og tala máli sínu á skýran og greinargóðan hátt
- skrifa vandaðan texta samkvæmt reglum íslensks máls
- afla sér upplýsinga sem tengjast efni áfangans með viðeigandi aðferðum (geti nýtt sér bóksöfn, upplýsingar á vef, viðtöl, o.fl.)
- vinna með öðrum

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni (hæfni) sem hann hefur aflað sér til að:**

- sýna hugkvæmni við lausn verkefna
- sýna sjálfstæði í vinnubrögðum
- sýna ábyrgð gagnvart náminu og skólanum
- meta upplýsingar og vinna með þær á þann hátt að þær skili honum þekkingu og aukinni hæfni til náms, m.a. við ritun heimildaritgerða, kynninga og annarra verkefna
- líta gagnrýnum augum á samfélagið og jafnvel taka þátt í að reyna að breyta því til hins betra

Efnisgjald: Nemendur greiða 10 þúsund krónur fyrir Íslandsáfangana. Innifalið í efnisgjaldi er kostnaður við bókina *Tvískinnu* eftir Davíð A. Stefánsson (sem nemendur fá til eignar), ljósritun efnis, ferðakostnaður o.fl.

Gert er ráð fyrir að nemendur eigi kennslubókina *Hagnýt skrif* eftir Gísla Skúlason.

Nemendur þurfa að útvega sér tvær kjörbækur á önninni.

Í áfanganum eru fjögur meginþemu: Skólinn, atvinnulíf og byggðasaga, upplýsingasamfélagið og íslensk stjórnmál

**Námsmat:**

- |                           |     |
|---------------------------|-----|
| • Skólinn                 | 11% |
| • Heimabyggðin            | 15% |
| • Siglufjörður – verkefni | 5%  |
| • Upplýsingasamfélagið    | 12% |
| • Áhrif mín á samfélagið  | 12% |
| • Kjörbók I               | 3%  |
| • Kjörbók II              | 4%  |
| • Vinnuskýrslur           | 6%  |
| • Mappa, virkni, ástundun | 20% |
| • Lokapróf                | 12% |

Lokapróf/lokaverkefni verður haldið í próftímanum í janúar sem nemendur þurfa að standast til þess að ná áfanganum.



**Tímaáætlun**

Vika	Dags	Þema
1. – 4.	15. sept. – 7. okt.	Skólinn
5. - 8.	10. okt. – 4. nóv.	Heimabyggðin. Siglufjarðarferð.
9. – 11.	7. nóv. – 25. nóv.	Upplýsingasamfélagið
12. – 14.	28. nóv. – 16. des.	Stjórnmal
15.	4. – 6. jan.	Tímajöfnun og uppgjör

Þessi námsáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

**Vinnuskýrslur 6%****Markmið**

- Að nemendur ígrundi nám sitt og þjálfist í að greina frá námi sínu í rituðu máli
- Að nemendur beri ábyrgð á námi sínu

**Fyrirkomulag**

Nemendur skrifa skýrslu á hverjum föstudegi um vinnu vikunnar. Þar eiga að eftirfarandi upplýsingar að koma fram:

Hópverkefni: Hvað var áhugaverðast eða lærdómsríkast í vikunni? Hvað var síst? Að hvaða verkefni var unnið, með hverjum, hvernig gekk, hvernig var verkaskiptingu háttað, tóku allir virkan þátt í vinnunni o.s.frv. Þessar upplýsingar skulu vera nákvæmar; ekki dugir að segja: "Verkefnið gekk vel og allir voru duglegir".  
Einstaklingsverkefni: Hvað var áhugaverðast eða lærdómsríkast í vikunni? Hvað var síst? Að hvaða verkefni var unnið, hvernig gekk o.s.frv.

**Kröfur**

Vinnuskýrslur skulu vera á vönduðu máli, lausar við málfars- og stafsetningarvillur. Huga þarf vel að skiptingu textans í efnisgreinar. Kennarar lesa reglulega yfir vinnuskýrslurnar.

**Múkkinn (moodle)**

Vinnuskýrslum skal skilað á múkkann.